

Dr. juris Páll Hreinsson

Páll Hreinsson er fæddur 20. febrúar 1963 og er því 48 ára að aldri. Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum við Hamrahlíð 1983, embættisprófi frá lagadeild Háskóla Íslands 1988, lagði stund á framhaldsnám í stjórnsýslurétti og stjórnsýslufræðum við Hafnarháskóla 1990-1991 og lauk doktorsprófi (dr. juris) frá Háskóla Íslands 5. febrúar 2005.

Páll var fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík 1988-1991 og aðstoðarmaður umboðsmanns Alþingis frá 1991-1998. Hann hóf störf sem stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands á haustmíssi 1989 og starfaði sem slíkur til ársins 1996. Árið 1996 var hann skipaður aðjúnkt við sömu deild, ráðinn dósent frá september 1997 og prófessor frá ágúst 1999. Páll var skipaður formaður tölvunefndar 1. september 1999 og hefur frá júlí 2001 verið formaður stjórnar Persónuverndar, endurskipaður tvisvar. Hann var varaforseti lagadeildar frá 1. júlí 2002 til 30. júní 2005 og forseti deildarinnar 1. júlí 2005 til 1. september 2007, er hann tók við skipun í embætti hæstaréttardómara. Hann var skipaður formaður rannsóknarnefndar Alþingis samkvæmt lögum nr. 142/2008, um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdum atburðum, og var í leyfi frá störfum hæstaréttardómara meðan nefndin starfaði. Hann tók aftur sæti í hæstarétti 1. júlí 2010.

Páll hefur ennfremur gegnt margvíslegum trúnaðarstörfum öðrum í þágu hins opinbera og hefur fjölbreytta og umfangsmikla reynslu af stjórnun og stjórnsýslu sem nær á löngum tíma til margra og ólíkra sviða. Hann hefur setið í fjölda nefnda á vegum stjórnvalda, oft sem formaður, og hefur ýmist einn eða með öðrum samið fjölda lagafrumvarpa. Páll hefur einnig verið afkastamikill fræðimaður á sviði lögfræði og eftir hann liggja mörg grundvallarrit á sviði íslensks réttar. Ber þar hæst doktorsritgerð hans *Hæfisreglur stjórnsýslulaga* sem er eitt hið viðamesta sinnar tegundar sem gefið hefur verið út á Íslandi. Auk þess skipta fræðigreinar eftir hann og fyrirlestrar mörgum tugum.